

198. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 21. febrúar 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Berglind Ósk Jóhannesdóttir þroskaþjálfari.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1808301 - Stuðnings- og stoðþjónusta Akraneskaupstaðar

Samantekt um stuðnings- og stoðþjónustu 0-18 ára 2022.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Berglindi Jóhannesdóttur ráðgjafarþroskaþjálfara, í stuðnings- og stoðþjónustu við börn undir 18 ára, fyrir greinargóða kynningu.

2. 2302059 - sérstakur húsnæðisstuðningur - endurskoðun 2023

Sérstakur húsnæðisstuðningur - endurskoðun á hámarki húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings.

Velferðar- og mannréttindaráð fjallar um framlagt minnisblað starfsmanna og samanburð við önnur sveitarfélög og leggur til við bæjarráð að hámark samanlagðra húsaleigubóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verði 90.000 kr.

3. 2302013 - Endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð

Lagðar fram tillögur starfsmanna um fasta árlega hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar verði kr. 195.159, frá og með 1. mars nk. Ráðið leggur einnig til við bæjarráð að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar taki breytingum til samræmis við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar ár hvert, miðað við vísitölu í nóvember árið áður.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristinn H. Sveinsson
Aníta Eir Einarsdóttir
Einar Brandsson
Sveinborg Kristjánsdóttir

Hildigunnur Árnadóttir